



Heilsa og líf skjör skólanema 2006

Skólaskýrsla

Brekkuskóli

Póroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri

Stefán Hrafn Jónsson, Lýðheilsustöð

Kjartan Ólafsson, Háskólanum á Akureyri

Andrea Hjálmsdóttir, HBSC á Íslandi

Aðalsteinn Ólafsson, HBSC á Íslandi



Útgefið á Akureyri 29. maí 2006

© Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð

Fjölföldun og dreifing er heimil samkvæmt nánari ákvörðun skólastjórnenda

Ágæti skólastjórnandi,

Við viljum þakka þér og starfsfólki þíns skóla kærlega fyrir þátttökuna í rannsókninni *Heilsa og líf skjör skólanema* nú á vordögum ársins 2006. Þessi skýrsla um stöðu mála í skólanum er send ykkur að kostnaðarlausu sem þakklætisvottur fyrir þátttökuna. Við vonum að niðurstöður hennar nýtist í skólastarfinu á næstu misserum.

Rannsóknin *Heilsa og líf skjör skólanema* er íslenskur hluti alþjóðlegrar rannsóknar sem unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og nefnist *Health Behaviour in School-aged Children* (HBSC). Þetta er eitt viðamesta verkefni samtímans á sviði heilsu og heilsutengdrar hegðunar ungs fólks. Um 40 lönd tóku þátt í þeirri fyrirlögn sem fram fór veturinn 2005-2006.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu og skilning á heilsu og líf skjörum ungs fólks. Viðfangsefni rannsóknarinnar eru víðtæk en meðal annars er spurt um lífstíl, næringu, matmálstíma, hreyfingu, tómtundir, slys, tannhirðu, líðan, félagsleg tengsl og umhverfi nemenda auk þess sem spurt er um ýmsa áhættuhegðun. Gildi rannsóknarinnar hér á landi er umtalsvert því auk þess að efla þekkingu hér heima fyrir mun þátttakan veita mikilvæga innsýn í stöðu íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði. Þátttaka Íslands í þessari alþjóðlegu rannsókn mun efla og styrkja til muna störf fræðimanna og fólks sem vinnur að forvörnum ungs fólks. Alþjóðlegar niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar árið 2007.

Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð standa sameiginlega að framkvæmd rannsóknarinnar. Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri stýrir rannsókninni í samvinnu við Stefán Hrafn Jónsson verkefnisstjóra hjá Lýðheilsustöð og Kjartan Ólafsson sérfræðing hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Jafnframt taka á annan tug sérfræðinga og háskólanema virkan þátt í rannsókninni. Stærstan þátt í rannsókninni eiga þó kennarar og skólastjórar þeirra 166 skóla sem lögðu rannsóknina fyrir í sínum skóla og að sjálfsögðu þeir nemendur sem gáfu sér tíma til að fylla út spurningalistana.

Fyrirlögnin gekk mjög vel fyrir sig alls staðar á landinu og er það ekki síst fyrir að þakka velvilja og stuðningi skólafólks. Allir almennir skólar landsins sem hafa nemendur í 6., 8. eða 10. bekk, að sérskólum undanskildum, tóku þátt í fyrirlögn

rannsóknarinnar eða 166 talsins. Alls svöruðu rúmlega 11.800 nemendur á landinu öllu og var svarhlutfall um 86% nemenda.

Í þessari skýrslu eru fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar fyrir landið í heild kynntar og staða mála í ykkar skóla borin saman við landið allt og einstaka landshluta. Ljóst er að allmargir skólar landsins eru tiltölulega fámennir og til að halda trúnaði við svarið var ákveðið að lágmarksfjöldi nemenda í hverjum árgangi yrði að vera fimmtíu til þess að unnt væri að birta niðurstöðurnar. Niðurstöður sem ekki uppfylla þetta skilyrði um lágmarksfjölda nemenda voru sameinaðar niðurstöðum annarra skóla með tilliti til stærðar og staðsetningar. Í þeim tilvikum þar sem nemendur skipta um skóla milli 6. og 8. bekkjar eða milli 8. og 10. bekkjar voru niðurstöður viðkomandi skóla jafnframt sameinaðir.


Þar sem niðurstöður um stöðu mála í einstökum skólum geta verið vandmeðfarnar er þessi skýrsla send skólastjórnendum og verður henni ekki dreift frekar á vegum útgefenda. Stjórnendum skólans er hins vegar í sjálfsvald sett hvernig staðið verður að frekari dreifingu skýrslunnar eða kynningu á niðurstöðum hennar meðal kennara og foreldra. Sé frekari upplýsinga óskað hvetjum við ykkur til að hafa samband við umsjónarmenn rannsóknarinnar.

**Með bestu kveðju,
Starfsfólk Heilsu og lífskjara skólanema á Íslandi**

Allar nánari upplýsingar veita
Þóroddur Bjarnason, s:661-6099, netfang thorodd@unak.is,
Stefán Hrafn Jónsson, s:840-0915, netfang stefan@lydheilsustod.is,
Andrea Hjálmsdóttir, s:821-1370, netfang andrea@unak.is.

I. Heilsa og lífshættir nemenda í 6., 8. og 10. bekk á landinu öllu

Í fyrsta hluta skýrslunnar eru birtar niðurstöður spurninga um lífshætti nemenda í 6., 8. og 10. bekk. Margvíslegar spurningar um hollustuvenjur og hreyfingu voru lagðar fyrir nemendur og þeir beðnir að meta eigið ástand. Hér að neðan má líta hluta þeirra niðurstaðna. Nemendur voru m.a beðnir að meta eigin fjölskylduhagi og í framhaldinu beðnir að svara spurningum um matarvenjur, tíðni ferða til tannlæknis og eigin líkamsímynd.




Mynd 1
Fjölskylduhagir nemenda vorið 2006

Nemendur voru spurðir um fjölskylduhagi þeirra og samsetningu fjölskyldunnar. Meðal annars var spurt hvort þau byggju hjá báðum foreldrum eða hvort þau ættu annað heimili sem þau dveljast reglulega á. Mynd 1 sýnir að 15-16% nemenda í 6.-10. bekk býr hjá einstæðu foreldri og reynist skiptingin vera mjög svipuð á milli árganga. Þess má geta að 12% nemenda býr hjá foreldri og stjúpforeldri en 72% hjá báðum foreldrum sínum.

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að foreldrar hafi sameiginlegt forræði eftir skilnað. Á mynd 1 má sjá að um 12% nemenda í 6. og 8. bekk og um 9% nemenda í 10. bekk búa reglulega á öðru heimili. Nemendur 10. bekk eru heldur ólíklegri en þeir sem yngri eru til að dvelja reglulega á öðru heimili.

Á þessu kunna að vera tvenns konar skýringar. Annars vegar getur verið um nokkurs konar kynslóðamun að ræða þar sem yngri nemendurnir tilheyri hópi þar sem sameiginlegt forræði og blönduð búseta er algengari en áður. Hins vegar má vera að hér sé um aldursmun að ræða þar sem eldri nemendurnir kjósi í vaxandi mæli að búa á einum stað eftir því sem mikilvægi vinnuhópsins vex á kostnað fjölskyldunnar. Niðurstöður þessarar rannsóknar geta ekki skorið úr um þetta efni en mikilvægt væri að kanna breytingar á búsetu nemenda nánar.




Mynd 2

Hlutfall nemenda sem bursta tennur oftast en einu sinni á dag vorið 2006

Mynd 2 sýnir að rétt rúmlega helmingur stráka burstar tennur sínar oftast en einu sinni á dag. Stelpur eru að jafnaði samviskusamari við tannhirðu þar sem nærri þrjár af hverjum fjórum stelpum bursta tennur sínar oftast en einu sinni á dag.

Athygli vekur að tannhirða breytist lítið eftir aldri. Svo virðist sem þeir nemendur sem hafa tamið sér reglulega tannhirðu í lok 6. bekkjar haldi uppteknum hætti fram til loka grunnskólans í það minnsta.



Mynd 3


Hlutfall nemenda í 10. bekk sem fara annað hvert ár eða sjaldnar til tannlæknis eftir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar

Þegar spurt var um tíðni heimsóknna til tannlækna kemur í ljós að um 9% nemenda í 10. bekk segjast fara til tannlæknis annað hvert ár eða sjaldnar. Hins vegar sést á mynd 3 að þeir nemendur sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar slæma eða mjög slæma fara mun sjaldnar til tannlæknis en þeir sem meta fjárhagsstöðu fjölskyldunnar góða eða mjög góða.

Börn efnaminni foreldra virðast því mun líklegri til að fara sjaldan eða aldrei til tannlæknis. Þetta kann að stafa af því að kostnaður við tannlæknaþjónustu grunnskólabarna er aðeins niðurgreiddur að hluta. Einnig kann að vera að efnaminni foreldrar fari sjálfir sjaldan eða aldrei til tannlæknis og því séu þeir ólíklegri til að fara með börn sín til eftirlits, óháð niðurgreiðslum.

Mynd 4 sýnir niðurstöður spurninga um neyslu ávaxta annars vegar og sælgætis hins vegar eftir árgöngum. Í ljós kemur að nemendur í 10. bekk neyta ávaxta í

mun minna mæli en þau sem yngri eru og svo virðist sem sælgætið komi að einhverju leyti í staðinn fyrir ávextina þegar þau eldast.




Mynd 4
Hollustuveenjgur nemenda vorið 2006

Neysla ávaxta 5 sinnum í viku eða oftar lækkar úr 65% hjá nemendum í 6. bekk í 39% hjá nemendum í 10. bekk. Sjá má andstæða þróun þegar spurt er um neyslu á sælgæti þar sem 7% nemenda í 6. bekk borðar sælgæti oftar en 5 sinnum í viku en það gerir 21% nemenda í 10. bekk.

Þótt neysla ávaxta minnki og neysla sælgætis aukist með aldri er rétt að benda á að nemendur í öllum árgöngum borða umtalsvert meira af ávöxtum en sælgæti. Þannig er hlutfall nemenda í 10. bekk sem borða ávexti 5 sinnum í viku eða oftar næstum tvöfalt hærra en hlutfall þeirra sem svo oft borða sælgæti.

Samhliða versnandi matarræði minnkar hreyfing nemenda í grunnskóla eftir því sem þau eldast. Eins og sjá má á mynd 5 hreyfir um 22% stelpna í 6. bekk sig daglega utan skólatíma svo þær svitni eða mæðist en aðeins ein af hverjum tíu í 10. bekk. Samsvarandi hlutfall stráka er um það bil 30% í 6. bekk og 19% í 10. bekk.

Aukin kyrrseta barna og unglunga er vaxandi áhyggjuefni á Vesturlöndum. Óhófleg notkun sjónvarps hefur löngum verið talin mikilvæg orsök minni hreyfingar og aukinnar þyngdar ungs fólks en á síðari árum hafa tölvuleikir og önnur tölvunotkun orðið sífellt fyrirferðarmeiri í daglegu lífi þess.




Mynd 5

Hlutfall nemenda sem hreyfir sig daglega utan skólatíma vorið 2006

Á mynd 6 má sjá notkun nemendanna á sjónvarpi og tölvum. Spurt var hversu mörgum tímum á dag viðkomandi eyðir fyrir framan sjónvarp eða tölvu í leikjum, til að vafra á netinu, senda tölvupóst, á spjallrásum eða til að sinna heimanámi.

Alls segjast 16% stráka og 11% stelpna horfa á sjónvarp í 4 klukkustundir eða meira á dag. Jafn stórt hlutfall stráka spilar tölvuleiki í 4 klukkustundir á dag eða meira eða 16%. Áberandi kynjaskipting er í þessari spurningu en einungis um 2% stúlkna spilar tölvuleiki í meira en 4 klukkustundir á dag. Um 15% stráka og um 11% stúlkna nota tölvuna til annars í meira en 4 klukkustundir á dag.



Mynd 6


Hlutfall nemenda sem nota sjónvarp eða tölvur í 4 stundir eða meira vorið 2006

Samanlagt segjast 58% stráka og 43% stelpna eyða 4 tímum eða meira á dag fyrir framan sjónvarps- og tölvuskjá. Þetta hlutfall er fengið með því að leggja saman tímafjölda sem nemendur segjast horfa á sjónvarp, spila tölvuleiki eða nota tölvu til annars. Af ýmsum ástæðum má vera að slík samlagning meti heildartímafjöldann nokkuð hátt og því ber að taka þeirri niðurstöðu með ákveðnum fyrirvara. Engu að síður er ljóst að stór hluti nemenda eyðir verulegum hluta dagsins fyrir framan skjáinn.

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu þyngd sína í lagi eða hvort þeir þyrftu að léttast eða þyngjast. Á mynd 7 má sjá að um 40% stráka og stelpna í 6. bekk eru óánægð með þyngd sína, þar af eru rúm 30% sem telja sig þurfa að léttast. Meðal þessara nemenda í 6. bekk er ekki marktækur kynjamunur að þessu leyti.

Eftir því sem strákarnir eldast hækkar hlutfall þeirra sem eru ekki ánægðir með þyngd sína. Hlutfall þeirra sem telur sig þurfa að léttast fer þó lækkandi en á móti tvöfaldast fjöldi þeirra sem telja sig þurfa að þyngjast. Leiða má að því líkum að margir þeirra telji sig þurfa að bæta við vöðvamassa sinn fremur en að þeir þurfi að fitna.

Meðal stelpna er lágt hlutfall sem telur sig þurfa að þyngjast og breytist það lítið milli árganga. Hins vegar tvöfaldast fjöldi þeirra stelpna sem telja sig þurfa að léttast. Í 6. bekk telur ein af hverjum þremur stúlkum sig þurfa að léttast en tvær af hverjum þremur stúlkum í 10. bekk.




Mynd 7
Líkamsímynd nemenda vorið 2006

Hlutfall nemenda sem telja sig þurfa að léttast er ekki í nokkru samræmi við umfang slíkra vandamála út frá heilsufræðilegu sjónarhorni. Jafnframt er ljóst að margir þeirra sem eru undir kjörþyngd eru haldnir óraunhæfum hugmyndum um vaxtarlag sitt og æskilega líkamsþyngd. Í alvarlegustu tilvikum getur verið um átröskun á borð við lystarstol að ræða og er mikilvægt að þessu verði gefnar nánar gætur.

II. Félagslegar aðstæður nemenda í 6., 8. og 10. bekk á landinu öllu

Í öðrum hluta skýrslunnar eru birtar niðurstöður nokkurra spurninga sem snúa að líðan í skóla, félagslegum tengslum og einelti í skólum. Sérstaklega er fjallað um stöðu unglinga af erlendum uppruna.




Mynd 8

Hlutfall nemenda sem líður mjög vel eða frekar vel í skóla vorið 2006

Eins og sjá má á mynd 8 líður flestum nemendum yfirleitt vel í skólanum. Í yngri bekkjunum virðast stelpum að jafnaði líða aðeins betur en strákum. Þessi munur er hins vegar horfinn í 10. bekk þar sem 77-8% stráka og stelpna líður vel eða mjög vel í skólanum.

Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga að um það bil fjórði hver strákur og fimmta hver stelpa geta ekki svarað því til að þeim líði frekar vel eða mjög vel skólanum. Huga þarf sérstaklega að stöðu þessa hóps innan og utan skólakerfisins í frekari rannsóknum af þessu tagi.

Mynd 9 sýnir hlutfall þeirra nemenda í grunnskólum landsins vorið 2006 sem eiga enga vini. Eins og sjá má virðast fáir nemendur í íslenskum grunnskólum vera algerlega félagslega einangraðir. Einungis 0,7%-1,3% stráka segjast ekki eiga neinn vin og 0,4%-0,9% stúlkna segjast algerlega vinalausar.




Mynd 9
Nemendur sem eiga enga vini vorið 2006

Þessi mynd sýnir vitaskuld ekki hversu sterk vináttubönd nemenda eru, hversu oft þeir hittast eða hvort vináttan sé endilega gagnkvæm. Engu að síður er gott til þess að vita að um og yfir 99% nemenda í þessum bekkjum telja sig eiga einhverja vini.

Þó benda þessar niðurstöður einnig til þess að það séu að meðaltali 35 nemendur í hverjum árgangi á landinu sem eiga alls enga vini. Þótt þetta vandamál sé ekki útbreitt er það afar alvarlegt fyrir þá nemendur sem í hlut eiga. Gera má ráð fyrir því að í öllum 6.-10. bekkjum á landinu séu um það bil 140 nemendur sem búa við svo sára félagslega einangrun. Mikilvægt er að leita leiða til að bæta stöðu þessara barna og unglunga með einhverjum hætti.

Nemendurnir voru jafnframt spurðir hvort þeir hefðu verið lagðir í einelti á undanförunum mánuðum. Eins og sjá má á mynd 10 virðist einelti vera algengara á meðal yngri krakkanna en 26% nemenda í 6. bekk sögðust hafa verið lagðir í einelti á undanförunum mánuðum. Það fer svo minnkandi í 8. bekk þar sem um 18% nemenda höfðu verið lagðir í einelti og er svo minnst í 10. bekk þar sem um 13% nemenda sögðust hafa orðið fyrir slíku.




Mynd 10
Nemendur sem lagðir hafa verið í einelti vorið 2006

Taka verður svörum nemenda um einelti með ákveðnum fyrirvara. Svo virðist sem börn og unglingar noti hugtakið í vaxandi mæli yfir hvers konar stríðni sem þau verða fyrir af hendi jafnaldra sinna. Í fræðilegum skrifum um þetta efni er hins vegar átt við síendurtekna og markvissa áreitni eins eða fleiri sem beinist að tilteknum einstaklingum sem eiga erfitt með að verja sig.

Sá hópur sem segist verða fyrir einelti vikulega eða oftár kann því að vera betri mælikvarði á útbreiðslu eineltis í skólum. Á mynd 10 má sjá að sá hópur er mun minni en sá sem segist hafa orðið fyrir einelti á undanförunum mánuðum. Um 4% nemenda í 6. bekk lifðu við slíkt um 3% nemenda í 8. bekk og 2% nemenda í 10. bekk.

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað ört í íslenskum grunnskólum á undanförunum árum. Fjöldi þeirra er þó nokkuð á reiki eftir því hvaða skilgreining er notuð. Mörg börn af erlendum uppruna eru fædd á Íslandi og flest þeirra eru íslenskir ríkisborgarar. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru þannig 2,2% landsmanna 16 ára og yngri erlendir ríkisborgarar árið 2005. Af þessum aldurshópi eru 6,5% fædd erlendis, en þar með eru talin börn af íslenskum uppruna sem fædd eru erlendis.




Mynd 11
Hlutföll nemenda af erlendum uppruna í 10. bekk vorið 2006

Í þessari rannsókn eru börn og unglingar af erlendum uppruna skilgreind sem þau sem eiga að minnsta kosti eitt foreldri af erlendum uppruna. Þar sem gera má ráð fyrir því að félagslegir erfiðleikar barna og unglinga af erlendum uppruna vaxi að meðaltali með aukinni menningarlegri fjarlægð og ólíkari litarhætti er hópnun af erlendum uppruna skipt í þrennt.

Eins og sjá má á mynd 11 eiga um 90% nemenda í 10. bekk tvo foreldra af íslenskum uppruna, 6% þeirra eiga a.m.k. eitt foreldri frá Vesturlöndum (Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku, Ástralíu eða Nýja-Sjálandi), 1% frá Austur-Evrópu en 2% frá öðrum heimshlutum (Afríku, Asíu eða Suður-Ameríku).

Sé líðan nemenda í 10. bekk í skólum skoðuð út frá uppruna þeirra kemur í ljós að nemendum sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna líður best í skóla eða 78% svarenda í þessu hópi. Um 74% þeirra nemenda í 10. bekk sem eiga foreldri

af vestrænum uppruna segist líða mjög eða frekar vel í skólanum en 71% þeirra sem eru af austur-evrópskum uppruna. Því virðist sem líðan í skóla sé heldur lakari meðal þeirra sem eiga uppruna sinn í fjarlægari heimshlutum.



Mynd 12


Uppruni nemenda, líðan í skóla og einelti í 10. bekk vorið 2006

Séu þessir sömu nemendur spurðir hversu oft þeir hafi verið lagðir í einelti á undanförunum mánuðum kemur nokkur munur í ljós. Um 11% nemenda af íslenskum uppruna segjast hafa verið lagðir í einelti á undanförunum mánuðum. Hins vegar hafa 29% unglinga af erlendum uppruna verið lagðir í einelti á sama tímabili.

Unglingur af erlendum uppruna er næstum þrefalt líklegri til að verða fyrir einelti en unglingur af íslenskum uppruna og er sá munur tölfræðilega mjög marktækur. Munurinn á einelti milli hópa unglinga af erlendum uppruna eftir því hvaðan þeir eiga uppruna sinn er hins vegar ekki tölfræðilega marktækur.

Nemendur í 10. bekk voru jafnframt spurðir um eðli þess eineltis sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir á undanförunum mánuðum. Eins og sjá má á mynd 13 eykst hlutfall þeirra sem strítt er á því að vera ekki íslenskir eftir því sem

menningarlegur bakgrunnur og litarháttur er frábrugðnari meirihluta nemenda. Um 10% unglunga af vestrænum uppruna hafði verið strítt með slíkum hætti en 27% unglunga af austur-evrópskum uppruna og 32% unglunga af afrískum, asískum eða suður-amerískum uppruna.




Mynd 13

Einelti nemenda af erlendum uppruna í 10. bekk veturinn 2005-6

Þetta mynstur er enn skýrara þegar litið er til eineltis vegna trúarbragða. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands árið 2005 tilheyra 90% landsmanna undir 16 ára aldri þjóðkirkjunni eða lúterskum fríkirkjum landsins, 2,7% katólsku kirkjunni og 1,9% öðrum kristnum söfnum. Um 1,8% eru utan trúfélaga en 3,7% tilheyra öðrum og ótilgreindum söfnum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að 2% unglunga af íslenskum uppruna og 5% unglunga af vestrænum uppruna hafi verið lagðir í einelti vegna trúarbragða sinna veturinn 2005-2006. Hins vegar hafa 18% unglunga frá Austur-Evrópu og 17% unglunga frá Afríku, Asíu eða Suður-Ameríku verið lagðir í einelti vegna trúarbragða sinna. Því virðist ljóst að hvað einelti varðar dragi íslenskir skólanemar skýr skil milli þeirra sem eru af vestrænum uppruna og þeirra sem eru af austur-evrópskum eða suðrænum uppruna. Síðarnefndi hópurinn verður fyrir mun meira aðkasti vegna uppruna síns og trúarbragða.



Mynd 14
Reykingar nemenda af erlendum uppruna
í 10. bekk vorið 2006


Reykingar eru mun algengari meðal nemenda í 10. bekk sem eiga að minnsta kosti annað foreldri af erlendum uppruna en þeirra sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna. Eins og sjá má á mynd 14 sögðust 11% nemenda sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna reykja í 10. bekk vorið 2006. Hins vegar reykja 20% nemenda af vestrænum uppruna, 33% nemenda af austur-evrópskum uppruna og 38% af afrískum, asískum og suður amerískum uppruna.

Þetta sterka samband milli uppruna og reykinga kemur talsvert á óvart og orsakir þess eru ekki með öllu ljósar. Að einhverju leyti kann þessi munur þó að endurspeglar útbreiðslu reykinga í einstökum heimshlutum. Reykingar hafa minnkað ört á Íslandi á undanförunum árum og eru þær nú fátíðari hér en víðast á Vesturlöndum. Reykingar hafa hins vegar aukist hratt í Austur-Evrópu og í suðlægum löndum. Hér kann því að vera um menningarlegan mun að ræða að einhverju leyti. Hins vegar kann einnig að vera að forvarnarstarf á Íslandi nái illa til foreldra af erlendum uppruna og sá árangur sem náðst hefur á undanförunum árum sé fyrst og fremst meðal barna og unglunga af íslenskum uppruna. Loks er hugsanlegt að félagslegir erfiðleikar unglunga af erlendum uppruna valdi því að þeir séu líklegri til að lenda í jaðarhópum þar sem reykingar eru útbreiddar.

III. Áhættu hegðun nemenda í 6., 8. og 10. bekk á landinu öllu

Á undanförunum árum hafa all margar rannsóknir verið gerðar á vímuefnaneyslu íslenskra unglunga. Ísland hefur tekið þátt í evrópsku vímuefnarannsókninni ESPAD frá árinu 1995 og því eru til traust samanburðargögn um stöðu mála hér á landi og breytingar í því efni í samanburði við önnur Evrópulönd.

Í spurningalista rannsóknarinnar *Heilsa og lífskjör skólanema* er að finna nokkrar lykilsurningar ESPAD verkefnisins og því gefur þessi rannsókn skýrar vísbendingar um breytingar frá síðustu fyrirögn ESPAD. Næsta umferð evrópsku vímuefnarannsóknarinnar fer fram vorið 2007 og munu niðurstöður hennar veita gleggri mynd af þróun vímuefnaneyslu. Þess ber að gæta að spurningar HBSC rannsóknarinnar um vímuefnaneyslu eru nokkuð frábrugðnar ESPAD spurningunum og því getur verið lítilsháttar munur á hlutföllum eftir því hvor spurningagerðin er notuð.




Mynd 15

Breytingar á hlutfalli íslenskra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega eða reykja 10 sigarettur eða fleiri á dag

Þegar nýjustu niðurstöður er bornar saman við eldri gögn ESPAD rannsóknarinnar má sjá að fjöldi þeirra unglunga sem reykja 1 eða fleiri sigarettur á dag hefur fallið umtalsvert frá árinu 1995. 12% nemenda kveðast reykja eina eða fleiri sigarettur á dag og hefur það hlutfall lækkað úr 21% árið 1995. Hinsvegar hafa reykingar þeirra nemenda sem reykja 10 eða fleiri sigarettur á dag aðeins minnkað lítilsháttar úr 7% árið 1995 í 5% árið 2006.

Þessar niðurstöður sýna að daglegar reykingar minnka jafnt og þétt en hlutfall þeirra sem reykja hálfan pakka eða meira á dag stendur nánast í stað. Árangur á þessu sviði virðist því einkum felast í því að draga úr fíkti við sígarettur en síður í því að draga úr fjölda reglulegra reykingarmanna í 10. bekk.

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem orðið hafa drukkin einhvern tímann um ævina er mælikvarði á þann hóp sem einhvern tímann hefur drukkið áfengi að ráði. Hlutfall þeirra sem hafa orðið hafa drukkin á síðustu 30 dögum er hins vegar mælikvarði á hegðunarmynstur unglunga í 10. bekk um það leyti sem rannsóknin er gerð.




Mynd 16
Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk
sem hafa orðið drukknir um ævina og á síðustu 30 dögum

Á mynd 16 má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem orðið hafa drukkin um ævina hefur lækkað umtalsvert á undanförunum árum. Árið 1995 sögðust 64% nemenda í 10. bekk einhvern tímann hafa orðið drukkin en árið 2006 var þetta hlutfall komið niður í 44%. Á þessum tólf árum hefur því náðst sá árangur að í stað þess að tveir af hverjum þremur nemendum hafi orðið drukkin hefur nú innan við helmingur nemenda gert slíkt við lok grunnskóla.

Hlutfall nemenda sem orðið höfðu drukknir á síðustu 30 dögum lækkaði einnig umtalsvert frá 1995 til 2003. Á síðustu árum hafa hins vegar litlar breytingar orðið á stærð þessa hóps. Frá árinu 1999 hafa því sífellt fleiri þeirra sem á annað borð hafa orðið drukknir jafnframt orðið drukknir á síðustu 30 dögum.

Líkt og með reykingarnar benda þessar niðurstöður til þess að sífellt fleiri unglingar haldi sig alfarið frá ávana- og vímuefnum. Sá hópur sem á annað borð neytir slíkra efna virðist hins vegar hafa haldið nokkuð stöðugur mörg undanfarin ár.

Á mynd 17 má sjá að milli árána 1995 og 1999 varð talsverð aukning á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem prófað höfðu hass um ævina. Það hlutfall hefur svo farið stíglækkandi og er samkvæmt nýjustu niðurstöðum aftur komið niður í 10%, sem er sama hlutfall og mældist árið 1995.




Mynd 17
Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk
sem hafa orðið reykt hass um ævina og á síðustu 30 dögum

Þegar litið er til hassneyslu nemenda í 10. bekk á síðustu 30 dögum kemur hins vegar í ljós að regluleg notkun á hassi í þessum aldurshópi breyttist ekkert þótt breytingar yrðu á tilraunaneyslu á tímabilinu 1995–2003. Þetta hlutfall mældist 4% öll árin 1995, 1999 og 2003. Árið 2006 varð hins vegar marktæk aukning á þessu hlutfall.

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa prófað hass er það sama árið 2006 og það var árið 1995. Líkt og með áfengisneyslu hafa hins vegar sífellt fleiri þeirra sem á annað borð hafa prófað hass jafnframt notað það á síðustu 30 dögum.

Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að neysla á sígarettum, áfengi og hassi hefur aukist meðal þeirra sem á annað borð neyta slíkra efna.

Í rannsókninni *Heilsa og lífskjör skólanema* voru allir nemendur í 10. bekk á Íslandi í fyrsta skipti spurðir nokkurra spurninga um kynhegðun sína. Eins og sjá má á mynd 18 segjast 28% stráka og 36% stúlkna hafa haft samfarir við lok grunnskólans. Langflestir segjast hafa haft samfarir við einstakling af gagnstæðu kyni, en þó segjast 2% stráka og 0,5% stelpna hafa haft samfarir við einstakling af sama kyni.



Mynd 18


Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2006 sem hafa haft samfarir

Þessar niðurstöður eru í nokkru samræmi við fyrri rannsóknir á kynhegðun unglunga í Evrópu. Hlutfall íslenskra stráka sem hafa haft samfarir við lok 10. bekkjar er nálægt meðaltali stráka annars staðar í Evrópu. Íslenskar stúlkur eru hins vegar líklegri til að hafa haft samfarir við lok 10. bekkjar en stallsystur þeirra í flestum öðrum Evrópulöndum.

Tiltölulega hátt hlutfall unglunga sem stunda kynlíf vekur margskonar spurningar um velferð þeirra á þessu sviði, meðal annars hvað varðar hættu á kynsjúkdómum

og ótímabærum þungunum. Á mynd 19 má sjá yfirlit um notkun getnaðarvarna meðal þeirra nemenda sem á annað borð hafa haft samfarir.

Spurt er um notkun getnaðarvarna síðast þegar viðkomandi hafði samfarir og kemur í ljós að í tveimur þriðju hluta tilvika var smokkur notaður sem vörn gegn þungunum og kynsjúkdómum. Í fjórðungi tilvika var stelpa á pillunni og í 4% tilvika voru aðrar getnaðarvarnir notaðar. Tekið skal fram að í mörgum tilvikum var fleiri en ein tegund getnaðarvarna notuð.




Mynd 19
Notkun getnaðarvarna við síðustu samfarir
meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006

Það hlýtur að teljast talsvert áhyggjuefni að 15% þeirra unglunga sem á annað borð hafa haft samfarir notuðu engar getnaðarvarnir síðast og 5% til viðbótar reiddu sig á rofnar samfarir til að forðast þungun. Svo virðist sem notkun getnaðarvarna meðal íslenskra unglunga sé talsvert minni en meðal jafnaldra þeirra í öðrum Evrópulöndum.

Eins og við mátti búast er kynhegðun nemenda í 10. bekk nátengd annarri áhættuhegðun, sérstaklega þó áfengisneyslu. Á mynd 20 má sjá hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa haft samfarir eftir því hversu oft þeir hafa orðið drukkarnir um ævina. Af öllum nemendum í 10. bekk höfðu 32% haft samfarir um ævina, en meðal þeirra sem aldrei hafa orðið drukkarnir um ævina var þetta hlutfall aðeins

14%. Líkurnar á því að hafa haft samfarir aukast hins vegar hratt með hverju því skipti sem unglíngarnir hafa orðið drukknir.



Mynd 20

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa haft samfarir eftir því hversu oft þeir hafa orðið drukknir um ævina

Um 33% þeirra nemenda sem hafa orðið drukknir 1-2 sinnum um ævina hafa haft samfarir en um 53% þeirra sem hafa orðið drukknir 3-9 sinnum. Um 63% þeirra nemenda sem hafa orðið drukknir 10-19 sinnum hafa haft samfarir um ævina en flestir þeirra sem hafa haft samfarir um ævina hafa drukkið 20 sinnum eða oftar eða 83% nemenda í 10. bekk vorið 2006. Nemendur sem hafa orðið drukknir 20 sinnum eða oftar eru því sexfalt líklegri til að hafa haft samfarir en þeir sem aldrei hafa orðið drukknir.

IV. Almenn t um heilsu og lífskjör nemenda í 6., 8. og 10. bekk

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar *Heilsa og lífskjör skólanema* vorið 2006 benda til þess að íslenskir skólanemar í 6., 8. og 10. bekk séu að mörgu leyti vel á vegi staddir. Flestir þeirra borða hollan mat, eru í sterkum félagslegum tengslum og forðast áhættuhegðun af ýmsu tagi. Minnihluti nemenda á þó talsvert undir högg að sækja og er mikilvægt að huga að leiðum til að styrkja stöðu þess hóps.

Þegar hollustu- og matarvenjur mismunandi aldurshópa eru skoðaðar kemur í ljós

að neysla ávaxta minnkar með aldri og aukin sælgætisneysla kemur í staðinn. Þetta gerist í takt við minnkandi líkamlega hreyfingu meðal bæði stráka og stelpna. Nemendur verja umtalsverðum tíma fyrir framan sjónvarp og tölvu og um helmingur kveðst sitja að meðaltali 4 stundir eða meira við skjái á degi hverjum.

Niðurstöðurnar leiða jafnframt í ljós að líkamsímynd nemenda er í mörgum tilvikum neikvæð og meðal stelpna fer sú ímynd versnandi með aldrinum. Þrátt fyrir að hlutfall þeirra stelpna sem finnst þær þurfa að léttast sé orðið nokkuð hátt strax í 6. bekk ágerist þetta vandamál með hækkandi aldri. Hér er um talsvert áhyggjuefni að ræða þar sem léleg líkamsímynd og hugmyndir um nauðsyn megrunar virðast gera vart við sig strax við 11 ára aldur.

